J. 920
Jac

Stutt og einfold

Endurminning

gøfigs høfdings-manns,

Jacobs sál. Eiríkssonar,

er fyrrum sat at Búdum i Stadar-sveit,

og dó samastadar

þann 22. Novembris, Anno 1767.

Fyrst er Grafskriptin i módur-máli.

Par eptir fylgir

Æfi-sagan, útdregin af líkpredikun, sem eptir hann halldin var í Búda Kyrkiu,

af velæruverdugum og hálærdum

Sra. Jóni Magnússyni,

fyrrum Officiali Hóla-Stiptis.

Ad sídustu

eru nockrir Vísna-Flockar, eda Liliu-blómstur vid grauf þess sáluga manns.

Philipp. 1. v. 23.

Eg girnist at leysast hedann, og vera med Christo, hvad miklu betra er.

Prentad i Kaupmannahøfn, ad forlage Syslumannsins i Eyafiardar-Syslu, Sr. Jóns Jacobssonar, hiá Bókpryckiara A. F. Stein, 1782.

Grafskriptin.

Christur er mitt Líf, enn Daudenn minn ábati.

Þetta lát þier sagt vera,
gódur madur,
hver sem ert, vid þessa grauf,
um líf og dauda
Gudhrædds manns, viturs og ágiæts
Hofdíngia,

Jacobs sal. Eiríkssonar,

sem borinn var í liós þessa heims,
ad Búdum í Stadar-sveit,
á því áttunda ári þessarar
aldar.

Pad var
MDCCIIX árum eptir Guds-burd.
Á sínu æsku-skeide numde hann,
med Guds ótta,
gódar mentir og mannkostu, er æ fylgdu
sídan og blómgudust.
Par eptir
inngeck hann h. egtaskap
med
Edla Gud-elskandi og dygdaudugre
Hofdings-Jómfrú,
nú eptirpreyande og syrgiandi eckiú,
Madame

Gudrúnu Jónsdóttur.

Med henni lifdi hann í ást
og indælli sambúd,
XXXII ár,
og afladi sona og dætra.
Af bornum hans eru IV lifs;
kom hann peim ollum til sóma
og menningar.

Enn

Enn ſidarſt dó hann ſætlega i Drottni,
á ſinni ſóttar-ſæng,
ſaddur af þeſſu ſtundlega lífi,
enn þyrſtur eptir því eilífa;
ſkorti hann þá einn vetr á ſextugann.
Þá voru lidinn frá Chriſts-burdi
MDCCLXVII ár.
Gángid her til leidis hanns,
hanns eptirlátin eckia,
og harmid
burtnumid frá ydar hofdi
hofud ydar líkama,
hinn ástúdlegſta Ecta-maka,
forſión ydar húſs,
helming ydar hiarta!
Hyggid til leidis hanns,
born hanns og afſprelngi,
og harmid
ydar ástkiæraſta ástvin,
trauſt og athvarf ydar æſku,
einn heitt-elſkandi, gódann og
gudhræddann Fodur!

Harmid þer,
gódir menn og gudhræddir;
því þar er á burt einn úr ydar taulu,
ydar saunþión i Dróttni,
ydar bródir og elskari!
Harmid þer,
siúkir, sárir og meinum haldnir,
eina góda, miúka og nákvæma
grædis-hond,
margra meina bót.
Harmid þer harmþrúngnu og voludu
ecktur og einstædingar;
misstud þer i láti hanns góda hiálp,
huggun og harma-bót!
Harmid þier vinir og vandamenn
eins gódanns og trúfastann vin,
einn dygdarikann náúnga,
ydar ættar sóma!
Harmid þó med hófi og máta:
her er harmafró!
því Christur var hanns lif, enn dandenn
hanns ábati.

Hann

Hann lifdi her i trúmi á Guds-son
andlegu lifi;
leid so framm med þvi lifi,
úr likamans lifi,
til daudans og gegnum daudann,
á land lifandi manna;
til hins lifanda Guds, og lifir um aldir,
hólpinn og heimkominn
úr útlegdinni i sitt faudur-land,
úr heiminum til himinsins,
úr strídi, hatri og harmkvælum
heimsins,
til sigur-hrós og sælu útvaldra
á himnum,
úr myrkrunum til lióssins,
úr daudanum til lífsins.
Lifir hann nú betra lifi,
þvi farsælasta lifi;
lifir eilífu lifi;
hann lifir i gudi, og deyr ecke framar.
Lifir hann og medal manna,
i lifandi minni þeirra lifendu.

Par lifir hanns gott nafn
og rhkti;
nn likaminn hvllir med æru og fridi
i grøfinni,
bidandi sinnar forklárunar
og eilifs lifs,
á uppriſu-degi rettlátra.

Lifs-

Lifs-Historiann.

Ad vera Guds i lifenu, Guds i daudanum, og Guds eptir daudann, er þad besta hlutskipti, sem Gud kann ad veita sinum elskendum; þad er og þad hellsta, sem Guds born kunna ser ad æskia. Guds eru þeir í lifinu, sem trúa á hann, og honum þióna i sannri gudhrædslu, sem er til allra hluta nytsamleg, hafandi fyrirheit þessa lifs, og hins eptirkomanda. Guds eru þeir í daudanum, sem deya í Drottni, og eru so Drottins bædi lifs og lidnir; ad lifa er þeim Christur, ad deya er þeim ábati. So eru þeir

og Guds eptir daudann, og fá hiá Drottni ad vera alla tíma.

Slíkur var i lífinu, daudanum, og eptir daudann, gofugur Hofdings-mann, Jacob Eiríksson, hvers lífs-historia i stuttu máli þanneg hlióðar.

Sá sæli madur er byriadur og barnfæddur ad Búdum i Stadar-sveit Anno 1708, af gofugum og gódfrægum foreldrum. Fadir hanns var Eiríkur Steindórsson, Logrettumadur i Snæfellsness Syslu, nafnkunnugt gódmenne, og vel ad ser um flesta hluti; hann bió allann sinn búskap vid Búdir, og dó þar 1730.

Módir Jacobs sal. var Sophia Jacobs dóttir, Benedixsonar, er fyrst var Fullmegtugur Landfógetans Jóhans Petursssonar Klein', á Bessastodum, og sídan Syslumadur og Umbodshalldari i Snæfellsness syslu; hann var útlendskur ad kyni, og kominn af gódri Presta-ætt á Jótlandi. Fodur-fadir sál. Jacobs var Steindór Jónsson,

son, enn Fodur módir Gudrún Biorns dóttir, enn Módur-módir hanns var Maren Jensdóttir, einnin af Donsku kyni komin (*). Pegar er þessi hinn sæli madur var i heiminn borinn, letu hanns elskulegu foreldrar ser umhugad vera, ad þessi þeirra nyfæddi son yrdi fyrir þá h. skírn Gudi aptur gefinn, og implantadur því sanna lífsins tre Jesu Christo, ad hann med aldrinum mætti þróast ad vitsku og nád hiá Gudi og gódum monnum, bædi fyrir. sáluhiálpliga þeckingu, og christilegt framferdi.

Hvad því næst áhrærir lífs framgaungu þessa sál. manns, þá uppólst hann i gudrækni og gódu sidferdi, undir sinna fyrrgreindra foreldra hendi ad Búdum, og lagdi þar hinn fyrsta grundvoll til bóknáms og christindóms þeckingar. Si-

*) Maren Jónadóttir var þrigipt; hennar fyrste madur var Matthías Gudmundsson, Danskur, Arnarstapa umbodshaldari. Annar madur, Jacob Benedixson, Syslumadur i Snæfells-syslu, og Arnarstava umbodshaldari, ættadur af Jótlandi. Pridie madur, Bendt Lauritzson, Svenskur i bádar ættir.

Síðan var hann, til frekari lærdóms idkana, settur i heíma-skóla, til at læra Latinu-mál, þa hann var 13 vetra ad aldri, undir tilsogn og kienslu velæruverdugs Sr. Jóns Jónssonar ad Miklaholti, og dvalldi hiá honum 4 vetur, takandi merkilegum framforum, á þeím aldri.

Þar eptir var hann sendur i Skálholts Dómkyrkiu skóla, undir alþiódliga uppfræding; hvar hann med gódum ávexti og framfor i bóklegum mentum idkadi sig enn þá adra 4 vetur, og var þadan med lofslegum vitnisburdum dimitteradur, á sínu 21 aldurs ári. Hinn næsta vetur eptir var hann ad Stadastad, med velnefndum Sra. Jóni Jónssyni; sídann 2 ár ad Búdum, hiá fodur sínum, sem deyde um þær mundir.

Þá þessi velnefndi hofdings-mann, Jacob sál. Eiríksson, var hálf-þrítugur ad aldri, inngeck hann Anno 1733, ad guds vilia, og rádi náúnga sinna, h. ectaskap, med edla-gofugri og dygdum-giæddri Hofdings-Jomfrú,

nú hanns eptirfreyandi og sárt-harmandi eckiu, Mad. Gudrúnu Jónsdóttur, dóttur ádur nefnds, velæruverdugs Prófastsins Sra. Jóns Jónssonar, sem fyrst var Sóknarprestur ad Garpsdal, þar eptir ad Miklaholti, og sídann ad Stadastad á Ölduhrygg.

Mad. Gudrún Jónsdóttir er fædd ad Tindum i Geiradal, og i Bardastrandarsyslu, þann 8 Junii 1699, hvar Prófasturinn Sra. Jón þá bió; hanns fadir Sra. Jón Loptsson, Prestur i Saurbæar-þingum i Dala-syslu. Hanns kona, Sigþrúdur Elnarsdóttir, Prests, Sigurdssonar, Elnarssonar frá Eydolum. Fadir Sra. Jóns, Loptur Arnason i Sælingsdal; Húsfreya hanns var Þórun Biarna dóttir, Biornssonar Prófasts, Jóns sonar Biskups Arasonar. Þessi Loptur var afe Biskups Mag. Jóns Arnasonar. Módir Mad. Gudrúnar Jónsdóttur var Christín Olafsdóttir, Bigfússonar, Eiríkssonar, dóttur-sonar Sra. Asgeirs Hákonarsonar, Prests ad Lundi i

Lunda-

Lundareykiadal. Módir Christínar Olafsdóttur var Gudlaug Þorsteinsdótter, Torfasonar, bródur Sra. Jóns Píslarvotts, Þorsteinssonar i Vestmanna-eyum, hvers sonur Sra. Þorsteinn i Hollti undir Ejafiallum, módur-fadir Biskups Mag. Vidalíns. Sra. Jón, fadir Mad. Gudrúnar, hiónadi Prests og Prófasts embætti i Bardastrandar syslu 20 ár, þar eptir Prests embætti i Miklaholti 14 ár, og sídast á Stadastad á Ólduhrygg 13 ár, hvar hann á 74 aldurs ári andadist 25 Augusti 1734.

Þessi velnefndu hión, Jakob sál. og Mad. Gudrún Jónsdóttir, settu bústad sinn ad Búdum, og biuggu saman i ástúdlegum ectaskap 32 ár; blessadi drottinn þau ríkuglega, bædi med bornum, gódri hamingiu, og audlegdar láni, so þau voru ætíd odrum veitandi, hvar til þau hverki spórudu efni ne vilia.

Af bornum sál. Jacobs eru 4 hedan frá þessu lífi burtkollud, strax á únga alldri; nefnilega 2 synir, Bent og Eirikur, og 2 dætur

tur, er hvertveggia het Sophia; enn 4 eru eptir lifandi. Sparadi sá sál. hofdings-mann enga femuni, erfidi ne kostnad til þeirra sóma og menníngar, bædi utan lands og innan, ad þau sidan kynnu lifa gudi til dyrdar og sjálfum sér til æru og uppbyggíngar, hvar til og gud gaf sierlega lucku og blessun, sem alls annars, er þessi sæli madur sér fyrir hendur tók, so fáir her i landi, af sömu rod og standi, hafa meira barna-láni ad hrósa; því eptir þad tveir synir hanns hofdu studerad vid Kaupenhafnar háskóla i nockur ár, voru þeim af Kónglegri Majestæt allranádugast fengnar verdslegar syslur til umráda, med þeim betri her á landi, hverium þeir nú forstodu veíta, med æru og gódum ordstyr; nefnelega, edla og velvís syslumadur i Stranda-sýslu, Sr. Haldór Jacobsson, samt edla og velvís syslumadur i Eyafiardar-sýslu, Sr. Jón Jacobsson. Sá þridie son hanns, er æruverdugur og miogvellærdur Mr. Páll Jacobsson, Conrector vid Dómkyrkiu-skólann i Skálholti. Ein

dóttir

dóttir hanns, Mad. Christín, var ad hanns rádi fostnud Jomfrú úr fodur-gardi, skommu fyrir hanns afgáng, velæruverdugum og hálærdum Sra. Arna Sigurdssyni, fyrrum Dómkyrkiu-Presti ad Skálholti, enn nu Stadarhaldara og Sóknar-herra til Breidabólstadar á Skogarstrond, er feck hennar sidan.

Jacob sál. Eirikksson sat ad Búdum leingst æfi sinnar, og allan sinn búskapar tíma, med mikillri rausn og hofdingskap; giordi hann þar reisugann bæ. Hann var madur velmetinn af ollum, bædi útlendum og innlendum, er til hanns þecktu, annadhvert ad umgeingni, eda gódri afspurn; má þad eigi þickia undarlegt, er hann var mesti sæmdarmadur, gudhræddur, vitur, og gódgiarn, rádhollur, vinfastur, og hinn tryggasti ástvin vina sinna. Einnin var hann gestrisinn og orlátur, medaumkunarsamur vid fátæka og þurfandi, og reyndist morgum traust athvarf, er i nockrum vanda stódu, edur mættu yfirgángi og ójofnudi af óhlutvondum mönnum,

num; því þá þeir sóktu hann ad fulltingi, sem opt bar vid, retti hann hluta þeirra med lempni og skynsamlegum samtingi, stundum og med skorúngskap og laga forsvari, hvar med hann giordi ser ad vinum marga góda menn. Enn óeirdar-menn, illhrísúngar og órádvandir hofdu af honum stórann ótta, er hann hamdi ósidu þeirra og yfirgáng, sem þeir ógiarnan vogudu i frammi ad hafa, þá hann var nær, edur vid vini hanns. Hann var stiórnsamur, og hafdi skynsamliga umvondun vid alla þá, er hann átti nockud yfir ad segia; þó iafnan med hógværd og gudhrædslu, því hún var sú hofud-dygd, fyrir hveria þessum guds ástvin er einkanlega ad hrósa, bædi lífs og lidnum: því ei einasta tídkadi hann iduglega saungva og lestra á sínu eginn-húsi qvold og morgna, so vel i helgum dogum sem rúmhelgum, hvar til hann og safnadi saman sem flestum, úr nálægum bylum þar i sió-plátzenu, helldur og hafdi sierdeilis yndi af, ad frantelia fyrir þeim,

er hlyddu húslestrum á hanns heimili, Guds stórmerki, og þá guddómlegu elsku, sem hann audsynt hefdi synduguu mannkyni; áminnandi þá aptur á mót til elsku og þacklætis vid þann góda Gud, sem ætti at láta sig i liósi med christilegu líferni, og aukning i allskonar dygdum og mannkostum. Hvar eptir hann brúkadi nockurn tíma til ad undirvísa þeim úngu og fáfródu serilagi, i Guds þeckingu og gódum sidum.

Þá almennilegu Guds-þiónustugiörd og predikun i kirkunni sókti hann med allri kostgæfni, og sat undir ordsins heyrn med serlegri andagt og grátandi tárum; synandi þar med, ad hann fyrir Gudi hafdi til at bera ángrádt hiarta og sundur-knosadann anda. Í einu ordi: hanns afslóis ámininningar, bædi vid born og adra uppvaxandi, komu optast i einn stad nidur, ad þeir skilldu óttast Gud og elska, so mundi sinn Gud vera þeirra Gud, og hiálpa þeim bædi i lífi og dauda. Og uppá þad slíkar gudrækeligar tolur mættu því framar rótfestast

feſtaſt hiá þeim yngri, framtaldi hann máli ſínu til ſtyrkíngar ýmſar hiſtoriur, ſo vel af h. Ritníngu, ſem odrum frædi-ſkrifum; já, ſtadfeſti þetta hid ſama ſumtíois med ſínum eginn dæmum, um Guds dáſamlega forſión og vardveitſlu yfer ſer, i ymſum atburdum.

Hvad lærdóm hanns og náms-gáfur áhrærir, þá var hann madur vel viti borinn; hafdi hann ei einaſta góda þeckingu á Látínu, helldur og einninn kunni hann vel Donſku og þydverſkt mál, og las iduglega gódar bækur i þeſſum túngum, er hann bædi árlega let koma utanlands frá, og líka feck ad láni hiá vinum ſínum, og hafdi hann iafnann innan-húſs ſæmilegt bibliothek af gódum og nytſamlegum bókum. Enn ſerdeilis hafdi hann góda og greinilega þeckíngu á Theologia, Jure, Hiſtoria og Medicína; ſo þad er eigi ofhermt, ad fæſtir eda alls eingvir ósigldir menn, ſem ver tilvitum, hafa fremur komiſt i þyí ſidaſta, er eg tilnefndi, edur

Læknis-konstinne, hveria þessi sæli madur idkadi med serdeilis heppni og nágvæmni vid siúka menn og veika, er síseldt komu á hanns fund, bædi úr nálægum og fiærlægum sveitum, til ad leita ser hiálpar; so þar voru optast 1, 2 eda 3 i hanns húsi, af þesshättar siúklingum, sem hofdu med ýmsum veikindum ad dragast. Enn fyrir hanns nágvæma umhýggiu og skynsamlegar adgiordir, gaf Gud flestum þessara nockurn lettir sinna meina, morgum og fullann bata, med gódri heilsu; því bædi brúkadi hann blódtokur og onnur útvortis medol vid sár og allskonar meinsemdir; so og líka innvortis, med því ad inngefa læknis-dricki, vid ymsum siúkdómum, er hofdu gódar verkanir, því hann hafdi stóra gát á innkaupi sinna medala, og let sig ei pretta med óduganlegum. Margra siúkra, sem ei komust á hanns fund, vitiadi hann siálfur, edur sendi læknisdóma, sem honum þótto best henta vid meinum þeirra; kom þeim þad og optsinnis ad gódu gagni.

Nú

Nú mega allir skynsamir menn nærri geta, ad stórum peningum hefur hann her til kostad, enn lítid edur eckert hádi hann optast þar fyrir, einkanlega hiá þeim fátæku; synandi þar med, ad hann framar giordi þetta af christilegum kiærleika, enn ser til ávinnings edur ábata; so margir mega vid hanns missir sakna bædi þessrar og annarar mannveru hanns og hofdingskapar, hvar med hann ávann ser ást og vinsengi ædri sem lægri manna.

Hvad vidvikur þessa sál. manns lífs útgaungu og frammfor af heiminum, þá er þad fyrst þar af ad segia, ad á hanns efra alldri og seinustu árum tók heilsufar hanns miog ad veikiast, serdeilis sídann 1746, þá hann heimsókti sterk kolldu- og landfarsott, med stridum takverkium, i hverri hann leingi þiádist, og var optsinnis miog adframm kominn. Enn þó honum yrdi leingra lífs audid, þreyngdi sú sótt so ad honum, ad hann sídann feck alldrei sinn fyrra styrkleik og líka-

manns krapta, sem þadan af fóru meir og meir hnignandi.

Fylgdu og þeirri óhreysti margskonar verkir og siúkdóma umleitanir, einkum fyrir brióstinu; so þad var meir af herku, hug, og serlegum manndóm, ad hann opt og tidum klæddist af sæng sinni og var á fótum, enn ad hann hefdi mátt edur krapta þar til; þó lá hann ei miog leingi um sinn upp þadann, inn til sins stoasta, er skedi med þessu móti.

Þann 21 Sunnudag eptir Trinitatis var sá sálugi Guds-madur Jesu bordgestur, ásamt odrum guds-bornum i Búda-kirku, og medtók þar heilagt Qvoldmáltidar-Sacramentum, med sidvanalegri andagt og gudrækni. Enn næsta laugardag eptir, syktist hann, af yfirgángandi landfarsótt, er skommu þar eptir agdi hann i bana-sængina; þenna siúkdóm bar hann med stodugri þolinmædi, innelegum bænum og andvorpunum til Guds, um sálu-hiálplega burtfor af heimi þessum. Var þess og skamt ad bída, þvi siúkdomurinn þrengdi

ad

ad meir og meir, inn til þess Drottni þóknadist ad giora dásamleg umskipti á hiáníng hanns, og veita honum sætt og sáluhiálplegt andlát, sem skedi ad Qvolldi þess 23 Sunnudags eptir Trinitatis, sem var sá 22 Novembris eptir þad hann hafdi lifad her i heimi 59 ár, og i hióna-bandi 32 ár.

Lofadur sie Gud fyrir hanns frelsi úr þessum tára-dal! Þannin var hann Guds i lifinu, og Guds i daudanum, hvar fyrir hann er nú og einnin Guds eptir daudann.

Þann 6. dag Decembris mánadar næst eptir, var útfor hanns halldin med rausn og heidri, ad fyrirsogn sonar hanns Syslumannsins Haldórs Jacobssonar, (þar hinir synir hanns sokum fiærlægdar ei gátu ne kunnu þar nærri vera), hvar til innbodnir voru bestu herads-menn, sem og nockrir meiri-háttar úr nálægum herodum, eptir því sem hentugleikar leifdu á þeim ársins tíma. Og so sem hann var þeim ollum hinn mesti harmdaudi, so stódu þeir allir yfir grept-

ri hanns med soknudi og sárum trega, giorandi sídann hanns heidarlega minníngu.

Lík hanns var jardsett i kórnum i Búdakirkiu nordann til, og hellt velnefndur Sra. Jón Magnússon loflega lkrædu eptir hann. Sama dag ad Skálholti, giordi hanns Hæruverdugheit, hædla og hálærdur Biskupinn Hr. Finnur Jonsson ágiæta útfarar minning þess sáluga manns, bædi vegna þess trúfasta vinskapar, sem ætíd verid hafdi þeirra á millum, sem og ad forlagi og tilmælum sonar hanns, Conrectoris Páls Jacobssonar, hver bædi vegna vega leingdar og embættis anna mátti hverki ne kunni um skamdegid giora so lánga reisu frá skolanum, til ad vera vid sins sáluga fodurs jardar sor. Voru þar ásamt hanns Hæruverdugheitum nálægir, velæruverdugur og hálærdur Prófasturinn i Arness-Syslu, Sra. Haldor Finnsson, veledla og hálærdur Rector scholæ, Mag. Biarni Jónsson, samt adrir mikilshátar gódir menn. Og so sem

sálugi

sálugi Jacob Eiríksson var þeim ollum velþektur, bædi ad reynd, og gódu mannordi og hofdingskap, so giordu þeir allir hanns sidustu æru-minning med fogrum rædum, og lofs-tir hanns mannkosta. Þannig lifir hanns lofsæl minning og mannord i heidri hiá þeim eptirlifandi. Sálin lifir í Guds hendi, enn líkaminn hvílir i grofinni, inn til hann á upprisu-degi alls holds uppvaktur samtengiz aptur sálunni, og nytur úr því, ásamt henni, þeirrar sælu, og eilífs góda, sem Gud hefur þeim heitid, er hann elska.

Jacob Eiríksson var madur mikill vexti, bædi gilldur og hár, enn þó velvaxinn, herda-breidur og mittis-miór, og allur þrekinn, nockud raudleitur i andliti, nefstór, svipmikill og karlmannlegur i allri ásynd; hann var svart-eygdur, nærsyn miog, og þó skarpskygn, og nockud harde-ygdur: so snart augna-bragd hafdi hann, þá honum mislikadi, ad fáer þordu i móti ad siá; dockleitur var hann á hár og hrockinn-hærdur; aull var

skopun hanns fyrirmannlig, og án lyta. Þessari líkamans atgiorfi fylgdi afl og hreysti umfram flesta menn a vorum timum, so á hanns besta alldri vissu menn ógiorla afl hanns, því hann tók þar stalldann á; þó eru monnum i minni nockrar afraunir hanns, er þetta sanna. Í framgaungu var hann stilltur miog og rádsettur, fálatur optast i margmenni, enn serlega adgiætinn um allt; ledi hann þar opt augu og eyru, er sist vardi fólk, og kom þar med i veg fyrir marga ósidu og óspektir, samt vandrædi sumra manna. Nockud var hann brádur i skaplyndi, enn stillti þó iafnann vel ordum sinum. Í fámenni var hann optast skemtinn og gamansamur, þó med nockri alvoru og án hegóma-tals, rædandi hellst um ymsann fródleik og þarflega hluti. Var þad eitt til merkis um elsku hanns til lærdóms og vísinda, ad hann baud giarnann til gistingar hinum lærdustu og vitrustu monnum, þá þeir fóru i nánd, sem opt bar vid, því bær hanns stód i mestu

þióð-

þiód-braut og vid kaupstefnu á sumrum; sat hann laungum a tali vid þá, og þókti hverutveggium indællt, vóru þeir og iafnann hanns vinir; sanna munu þeir, ad ei se her ofhermt i. Hann var hinn mesti fullhugi og ódruggur i ollum mann-raunum, enn engu ad sídur hinn náqvæmasti og raunbesti vid alla naudlídandi, og þad so mikg, ad opt battz hann ei tára yfir eymdum þeirra og vesolld, hiálpadi þeim og so med rád og dád, eptir sem hann hafdi faung á. Hann var búsýsslumadur mikill, og hafdi rausn stóra, og framqvæmd i serhverju er giora skilldi, fylgdi þar med heppni stór og serleg Guds vardveitsla, yfir ollu því er honum vidkom. Má þad eitt til dæmis færa, ad þótt hann hefdi optast 20 eda 30 skipa til fiski-ródra á ári hverju, þá samt henti ei nockurt þeirra, eda nockurn mann á þeim tión edur stór-slis alla hanns æfi, hversu stór og hryggileg tilfelli adrir samlendir máttu lída. Morgu mætti her ad sonnu vidbæta, sem merkilegt er, um þann sæla mann, og morg dæmi finna til þess nú er fráskírt; enn þar af ádur toldu má vel rádá,

þad Jacob sál. Eiríksson hafi verid gudhræddur og gódur madur, mikilmenni, hofdíngi, og nytsamur fyrir sitt faudur-land, þá skal her enda æfi hanns. Nú er her ritud minningar tala hinns sæla manns, og þó i stirdara lagi og med minni ordsnilld, enn verdleikur væri til; vilium vier helldur nockud skorti á, enn geipad se edur ofleyft. Dygda og mannkosta dæmi hrósa ser sialf hiá ollum hyggnum monnum, og þurfa þvi ei hóls vid; enn heimskir vyrda at vettugi þesskonar hluti, hveriu skrauti sem skreyttir eru. Þad má og sannlegast þykia, ad leita ei þeim manni lofs-tírs eptir daudann, med hiegóma hrósi og fyrdildar ordum, sem alldrei vildi slíkt þiggia i lifanda lífi; er hann nú horfinn oss ad sión, enn eptirmynd hanns mega allir líta i skuggsiá þessari. Fyrnist heimur, fyrnist hlutur hver, fyrnist gllt med alldri; Gud einn er hinn sami, og hanns ár mega alldrei protna.

Nockur

Nockur Liliu-blómstur,
edur einföld liódmæli med Liliu-lag,
til gódrar minníngar vid grøf
þess nafnfræga Høfdíngs-manns

Jacobs sál. Eiríkssonar.

I.

Fyrsti flockur qvædisins, eru samlíkingar, uppá lífsins uppruna og luckunnar blóma, dregnar af náttúrlegum hlutum.

1. Sinnu haukr minn án maka,
mundi vakur eina stundu,
beina flug ad bergi sónar,
brádum fagna vildi nádum.

2. Sat á vidum sónar hædum,
sveimudu lángt um ættir heima,
blys athyglis hvarma hnyssinn,
horfdu um stund á mána grundu.

3. Mætur rann upp morgun-viti,
medur sinum búning fína,
glæstur haddur høfud pryddi,
hreinum settur glansa reinum.

4. Gull vid búinn glóadi allur,
glæstur hali um stiørnu-salinn,
hrísludu sig glansa geislar,
gladir vel á fagra hveli.

5. Fram brunadi føgru skini,
fridur skodan morgun-rodi,
tialdadi rósar raudum feldi,
ranms of hold, sem mána foldu.

6. Þessu næst stie upp af austri,
yfrid skiær med lióma kiæramn,
mundelfara meyan dyra,
mæt á braut i nógu skrauti.

7. Høfud kryndi hennar gnæfa,
hrein í klárum freyu tárum,
cróna giør af gulli einu,
geisla-skiær, sem elding væri.

8. Lióma

8. Lióma brá um haf og himin,
haudur, fellinn, dali, velli,
gulli fágud fiøll og skógar,
frá ser báru geisla klára.

9. Daga alla vidr um vøllu,
vandi ferd og leidir þandi,
yfir løg, sem lopt og skóga,
lióma føgur rann med blóma.

10. Birtist foldinn búin skarti,
blóma-væn med kápu grœna,
siáligum bundin silfur-lindum,
settum hreinum edal-steinum.

11. Blómstur væn med fegurd fremstu,
fridar perlur ecki sidur,
liliu-grøs, sem grœnar rósir,
giørdu art á brúdar skarti.

12. Øll var fold sem fágud gulli,
fegurd bar af elfu-skari,
eplinn stódu eins og knappar,
og aldin grœn um breiming falda.

13. Fuglar ſúngu lyſtugt leingi,
lundum i og vídt um grundir,
leku ſer vid lopti qvikir,
liſta-vel, um biǿrg og kvistu.

14. Uppi triánna adal-toppum,
æfdu kvak, med vængia-taki,
eins og giǿrdu gledi-danſa,
gledinnar magni allir fagna.

15. Yndiſlega um grænar grundir,
giǿrdu fyrug leika dyrinn,
allrahanda kvikar kindur,
kiæti ſyndu, og fǿgur læti.

16. Øll náttúrann eins ad fullu,
anſar, ſpilar, leikur, danſar,
yfir ſælu yndis-líſi,
og þeim laungu gledi-ſaungum.

17. Endurliſna allrahanda,
yndi-ſkaptar taka mindir,
príſa fegurd heims, og hrósa,
hinu ſæta eptirlæti.

18. Fángadi mig fugla ſaungur,
feſti blund um litla ſtundu,
i dúna-logn eg datt vid unan,
døggvadi á mig ſætum høggva.

II.

Her talaſt um óſtsdugleik luckunnar, og endir mannlegs lífs, og ſo undir ſamlíkingum.

1. Vakinn aptur hyggiu haukur,
hugdi gagni ſáma fagna,
úti var þá yndid mæta,
og eptirlæti, fyrr ſem hrepti.

2. Haſtarlega heldur næſta
hiólid lucku i vedra-bóli,
vallt á hlid og vid ſer byllti,
vor nam ſyna gledi-kiørinn.

3. Meyann ſkiæra mundilfara,
mána ſyſtir dró til ránar,
undirgeck i æginn døckva,
aldann bláa geiſla faldi.

4. Dagur hvarf, enn dóttir nǫrva,
dró sinn farm á ymis hvarma,
máni svǫrtum klæddur kyrtli,
kafadi el um fagra hvelid.

5. Gledin þegar geck til vidar,
gríman dǫckva eyddi bríma,
huldi prydi heims og faldi,
hrædileg i svǫrtum klædum.

6. Hiúpadi svartri sorgar kápu,
siónar-hvel fyrir augum lióna,
dró ad vana úr diúpi ránar,
dimmu tiald á nordra faldinn.

7. Bródir nam hinns bleika dauda,
binda menn og allar kindur,
bædi dyr og fuglar fridir,
fólu sig i vana-bólum.

8. Foldinn alla fegurd seldi,
fór af grœna búning vœnum,
á sig tók hún emmu bleika,
engin gledi heyrdist lengur.

9. Liliu

9. Liliur og róſir láu følvar,
líka fallinn blóminn allur,
grøſinn urdu grænu viſin,
grimmlega voru ſum uppſkorin.

Aptur vetur audnu hepti,
eyddi prydi, blóma ſneyddi,
giædum ſumars granda nádi,
grimmilega á alla vegu.

11. Loptid frída fegurd ſlepti,
fylliſt grimd, enn blídan ſtilliſt,
fal því ſyn á fagra hveli
fiúka ſky, med guſti ómiúkum.

12. Himin dunar, heyraſt prumur,
hvella reídur, ſkruggur gella,
elda-flug med ógurlegum,
ofurbreſtum gánga meſtu.

13. Vinur yglir elda brúnir,
iſſum renda ſtorma ſendir,
hretinn køld med hagli votu,
og hregg af ſnióa drifnu ſkeggi.

14. Lauf af eikum føgur fiúka,
fellur skóga blóminn nógur,
aldin hiadna, eplinn dodna,
eins og bar ei verda parid.

15. Stridum kuida stendst ei vidur,
stirdnar jørd af frostum hørdum,
hiúpast fold i hvitum feldi,
hrím og snióar fegurd sóa.

16. Øll náttúrann eins ad kalla,
undir sømu greín er fundin,
dodnar, harmar, deyr, og hiadnar,
dæminn sannlig petta ræma.

17. Her af kunnum sia med sønnu,
sóma heims, og valtann blóma,
hverfult líf, og hvikula æfi,
hvergi sem ad stadar nemur.

18. Sona lucku siáum riena,
sona megum hennar vona,
sona skal hún svipul reynast,
sonum pínum madur og kona.

III.

Her heimfæriſt ádurtalad, og þeſs ſæla manns verdur minſt med tilbærilegum lofsír.

1. Hygg ad madur huga gløggvum,
hruni, er veikir náttúruna,
tídum má hún kaſta klædum,
kvaka tviſt og ønnur taka.

2. Rennur upp, og rienar hrønnum,
rík hún ſkín, og myrkvaſt líka,
blómgaſt fræg, og følnar þegar,
fagnar, hryggiſt, talar, þagnar.

3. Lifnar hún og líka dafnar,
lidur þó i burt um ſidir,
engri frí af umbreitíngu,
er ſem túngl i ſinni veru.

4. Þetta hlaup hún þiggia mátti,
þetta er alls holds vegur retti,
þetta ſkeid hún þreyta átti,
þetta er leid, er einn Gud ſetti,

5. Leid hefur þessa lífs og dauda,
lidugur runnid burt med fridi,
sálugi Jacob, sem nú elur,
sífelld ár i liósi kláru.

6. Hann var vitur miøg, og mætum,
mønnum jafn ad høfdínge nafni,
vandur ad stiórn, og valinkendur,
víst ad gódum sid og módi.

7. Skøruglegur med rausn óríra,
reyndist hann, sem flestir sanna,
mikilmenni ad kostum kunnur,
kom framm þar, sem best sá fara.

8. Gudhræddur og gódhiartadur,
giæddur trygd, og veginn dygda,
þræddi best, enn allra ástum,
ørleiks gede nádi medur.

9. Hann var siúkum, sárum, veikum,
serleg hiálp, þá i nam dálpa,
athvarf gott, og adstod veitti,
aumum þrátt med hønd ónauma.

10. Vina trauſt hid vænlegaſta,
var og mætaſt eptirlæti,
raunar øllum rádaholluſt,
reyndur meſt ad gódu fleſtu.

Líkn var, hiálp og adſtod eckna,
ángurbót pá geck á móti,
munadarlauſum rett uppreiſning,
rádum medur jafnt ſem dádum.

12. Hann var lærdur vel og virdur,
vinur hentur bóknáms menta,
ſyndi pad á ſínum reyndar
ſem til frama hellt án ama.

13. Hann var ættar allrar ſinnar,
adal-blóm, og hennar ſómi,
gøfugmenni giptur loſi,
giæfann ſtuddi lánga æfi.

14. Her af fengu i hanns afgángi,
harma vinir, ſøknud hinir,
einſtædíngar einninn nánir,
er hanns miſtu, ſyrgia tviſtir.

15. Og nú líta augum votum,
að hanns leiði, og feingenn ſkada,
mæla harma medur tølum,
mundu ſlíkum og þvilíkum.

IV.

Her telur hanns eptirlátin eckia harma ſina, enn huggar ſig ſidann vid guds forſión og hiálprædi, ſem og ſo muni unna henni eilífra ſamviſta med ſinum elſkhuga á himnum.

1. Nú er liósid hafid af húſi,
harmar kremia marga varmir,
þeſs er gledi, hrós, og heidur,
horfinn undir jardar torfu.

2. Æ! mín ſól er ordin falin,
æ! hún nidur geck til vidar,
æ! þá dimmu er mig rammar,
æ! þá ſtund, ad leid hún undir.

Hvar mitt ertu egta-hiarta,
edla forſvar, hiálp og gledi?
kann eg ei þig fá ad finna,
framar ſo vid lifum ſaman?

4. Hvar er þín ræda og hollu rádinn,
hent forsjónin best er þienti?
er ei kostur ad þau heyri,
edur feingi halda leingur?

5. Ó ney! þad er úti núna,
ad því fegin halda megi,
sú er endud audnu stundinn,
uns ad tíminn burtu rímir.

6. Þad er undir lok nú lidid,
lagt i fold, og grafid i moldu;
þessa fæ eg optar eigi,
ángrud nióta mer til bóta.

7. Hiarta míns er helptin burtu,
hedann floginn minn leidtogi;
fuglinn sár á kvisti kúrir
kvakar, því hann saknar maka.

8. Huggun mín og hiálpinn trygga,
hún er burtu tekin núna,
unun hiartans einka væna,
augna liós og prydi hrósid.

9. Ástar bandid ockar sundur
æ! hefur slitid daudinn bitur,
yndi giørt mig øllu rænda,
aukid tár med gefnu sári.

10. Ó! ad eg hefdi ein mátt deya,
ásamt þar og med þer fara,
hedann burt úr heims armædu,
og hlióta víst, sem þú nú gistir!

11. Hvad mun duga her um klaga,
hvad mun þad minn bæta skada?
utann Gudi einum játa,
ei eru rádinn mer til náda.

12. Gud mer þetta gódur veitti,
Gud er mátti, tók þad átti;
voldugt prísad vel sem skyldi,
veri nafn hanns æ og jafnan!

13. Verdi hanns gódur vilie blídur,
vil eg bída hanns hiálpar tídar,
þreya glød i þolinmædi,
þángad til eg huggun fánga.

14. Hønðin giørir hanns að særa,
hønd er græðir meininn vøndu;
deyða kann og lífga lyði,
lof hanns gnæfi hæðum ofar!

15. Mer þó heitum hvarma skúrum,
helli á kinn í þreyngíng minni,
hann ei aptur heímta kunni,
hiástoð neyta mer að veita.

16. Heldur Guðs nú góða mildi,
er gat hann skapt, og tók hann aptur,
unna mun oss eittsinn finnast,
og samvist að hafa með Christe.

Þú minn ástvin allra besti,
ert ei daudur, heldur naudum,
hafinn frá, so leíngi lifir,
í lífi því sem eílíft blífur.

18. Mer af armi ertu vørmum,
í Abrahams skaut úr nógum þrautum,
kominn nú, og sætann sóma,
sigri kryndur tignarligum.

19. Lifandi elſkann laus vid følſkva,
lifir þín í hiarta minu;
enn þín minníng er hiá mønnum
og þitt ſóma-nafn í blóma.

20. Þinna dydga føgur frægdinn,
falla ei kann úr þánka manna;
heldur grær med grænu bari,
og giørir rætur feſta mætar.

21. Þacka eg Gudi lán og lucku,
er lena nádi ockur bádum,
um ſamveru vorrar tíma,
og veitta hægd med gledi-nægdum.

22. Sætt eg hefi af hendi Drottins,
hlotid margt, og leingi notid,
er því ſkylda ad þad ſúra,
eins medtaki, og þacklát vaki.

23. Vil eg med þeſſum þánka tølum,
þó eg vadi í ſorgar badi,
harmi lietta, og ſtundir ſtytta,
ſtríds á medann vara tídir.

24. Hiedanaf preya og packlát bída,
í polinmædi Guds hiálprædis,
endurlausnar ædstu stundar,
er eg kved, og leysi upp hiedann.

25. Uns ad mer fyrir utan vansa,
audnast, pegar linna naudir,
hann í eilífd fá ad finna,
fundir hvar ed gledi vara.

26. Par skal ockar yndis veru,
eingenn daudi granda leingur,
edur nockur eymd og mæda
ama frá ad lifa samann.

V.

Her hefia börn hanns og ástvinir síuar harmatölur; samgledias sidann yfir hanns endurlausn, og halda hanns skylldugu æru-minníng.

1. Hvert er æskann horfin biarta?
hvurt er fegurd giörvøll burtu?
hvert er følnad hennar skartid?
hvurt eru fallnar blóma jurtir?

2. Æ! vier ſiáum ormur hefur
einhver komid her ad meini,
lundinn ſtúngid broddi bryndum,
blóma rænt og føgrum ſóma.

3. Eikur blødum uppviſnadar,
af ſer burtu kaſtad hafa;
veldur peſſu vetrar kuldi,
varmalaus ſem øllu piarmar.

4. Komum, ſkodum tempran tíma,
typtan Guds er nam ad ſtipta,
berum allt vid æfi vora,
ímynd par af ſiáum tíma.

5. Hvad er vor, nema úngdóms árinn?
æſku-blómid, ſumar giæſka?
haustid elli ímynd fellir,
orma-bani, daudans ſtorma.

6. Æſku-blóm og alldur proſka,
undir ſømu grein er fundinn,
og pau gros ſem verda viſinn,
venda ad fold í auka moldar.

7. Hér af getum giørla litid,
Guds forsión ad slíku pióna,
lætur bædi líf og dauda,
leida grun til ihugunar.

8. Vora hingad giørum gaungu,
greidum spor ad pessu leidi,
upptøk lifs og endir líka,
ockur bodast par ad skoda.

9. Til pess eigum allir telia,
erum jørd af dupti giørdir,
par innlagda vitum vera,
vora ást og gledi skástu.

10. Par er fallid flatt ad velli,
hid fína tre med limar sínar,
undir hverju høfdum reyndar,
huggun, skiól, og yndis skugga.

11. Hvar af kvistir høfdu mesta,
hlotid líf og krapta notinn,
æsku-blóm, og allann prosta,
óttalaust um dag sem nóttu.

12. Bitru daudinn bana-skeiti,
beita nam og skygdum hneiti,
á ástvin vorn hinn allrabesta,
athvarf, traust, og huggun parfa.

13. Ástúd sína og trúfesti,
ose hann baud rett fram ad dauda,
hefur so bædi lífs og lidinn,
leist pad nafn, er æru safnar.

14. Nú er vor kiæti giørd ad gráti,
hid góda vín ad beisku slódi,
sætir leikar ad sorgar spili,
sialfr og líf ad daudans kísi.

15. Daudinn til sín draga nádi,
dyrsta mann úr vorum ranni,
ættar høgg hann ose pad veitti,
er í minni vaka kynni.

16. Hvad skal sorg er hafa margir?
hvad má grátur yfir máta?
petta allt er heidnra háttur,
heíminn sem ad jafnann dreymir.

17. Af því hann þeir elska úr hófi,
og eigi vita af betra að segia,
lifi, enn þessu her sem hafa,
og hugsa ei þar hvað eptir fari.

18. Enn veir vitum að vor sæti,
ástvin kiær til meiri æru,
og betra lífs enn her má heita,
hafinn er i dyrðar veru.

19. Í það líf sem lánga æfi,
og lifs um skeið af hiarta þreidi,
æðsta líf sem enginn hefur,
augum sied, nie heyra riede.

20. Ást og líf hanns einn var Christur,
enn hanns daudi bati ótraudur,
hefur so feingið ávinninginn,
eilíft líf fyrir stundar kífid.

21. Sognum yfir hnosei er hefur,
hrept, og skundum líka eptir,
sama ná, og lifs i lióma,
lita stund til gledi-funda.

22. Medal vor i mørgu stóru,
minning hanns ber æru-kranſa,
af því hann med ſóma ſømmum,
ſier nam minning her ávinna.

23. Lifir i bleſſan alla æfi,
eilífd bleſſar minning þeſsa,
af því bleſſun ædſtu viſſi,
ausa af brunni gudhræddlunnar.

24. Bleſſan vildi ei beſtu miſſa,
bleſſadur lifdi i heimi þeſſum,
bleſſan dó i burt med viſſa,
bleſſan eilíf giørir nú hreſſa.

25. Loſſæl minning lifir hiá mønnum,
lofs því verdugt margt hann giørdi,
gudrækni og gódverk medur,
gádi ſtunda her á ládi.

26. Munu hanns ſakna margir raunar,
mætir vinir jafnt ſem hinir,
gløgt er hann ad gódu þeckti,
gott því fleſtum nádi votta.

27. Unni oss Drottinn einn og þrennur,
æru og dygda spor hanns kiæru,
vel ad rekia i heimi hálum,
her á medann festum veru.

28. Sídan burtu fara i fridi,
finna hann og þar vid minnast,
heilagra i hóp og tali,
hvar indæla gledin varir.

VI.

Nú eptirfylgir eitt gledifullt figur-hrós frá grafinni, so sem andsvar og ávarp hinns framlidna, uppá ádur mælt.

1. O! þier mínir elsku vinir,
ástum vid mig bundnir skástu,
sytid ei ne sárann grátid,
sóknud minn úr verøldinni.

2. Hvad er þad sem hrellir ydur?
hví eru brár i votum tárum?
hver er søk, ad harmar skera?
heptid grát i allann máta.

3. Bid eg sjúid grát i gledi!
Gud hefur sed, og heyra redi,
hrópid mitt af harma diúpi,
og hrifid ønd úr daúdans bøndum.

4. Mín var girnd og ósk sú eina,
eptirlángan þá hefi fángad,
leystur burt, ad lifa med Christo,
og líta hann i dyrdar ranni.

5. Þraungann veg og þyrni-klúngur,
þessa heims og margt anstreymi,
framm um tára dalinn dimma,
daudans yfir hafid rauda.

6. Nádi eg fara gladur i Gudi,
grandlaust heim i fødur-landid,
úr útlegd heims og øllum þrautum,
inn í dyrdar Guds heimkinni.

7. Gegnum dauda, Guds til hæda,
gegnum þraut, í Abrahams skautid,
gegnum kross, til gledi-liósins,
gegnum hrygd, til Zions bygda.

8. Laugad hef, og líka fágad,
i Lambsins blódi fagur-riódu,
kirtil minn, so kunni skarta,
i kióli peim hiá Lambsins stóli.

9. Þann hef fundid, sem ad sønnu,
sál mín elskar frí af táli,
eg em hanns um alla daga,
er hann minn í raun og veru.

10. Eptir Gudi ætíd preydi,
Ønd mín þyrst, og hefur nú vistir,
hønum med, og sier ásiónu
sæta hans i eingla kranzi.

11. Liómar hún i lifsins frama,
Lambs hiá stóli skiærri sólu,
og þar syngur sætri túngu,
sigur-hrós i skrúda liósum.

12. Brúdurinn hafdi búin prydi,
blysid tendrad sier i hendi,
einnin komin er brudguminn,
innleidd brúd i salinn prúda.

13. Brúdkaups gledin byriud góda,
i brúdar sal med tetta vali,
hún skal standa utan enda,
um eilífd talda púsundfalda.

14. Þier mig elskid utan fölska,
einum packid Gudi hreinum,
endurlausn sem eg hefi fundid,
englum líkur í skodunar ríki.

15. Lifs córónu eg hefi eina,
óforgeingelega feingid,
vifs í trúnni høndlad hnossid,
hád gott stríd, og sigri nádi.

16. Fagnid því af fremsta megni,
fagnid yfir minu gagni,
fagnid minni frelsan pegnri,
fagnadar lofsaung Drottni magnid.

17. Packid Gudi því hann er gódur,
pæga fremur miskunsemi,
og sú miskun ei má raskast,
æfinlega og jafnan gnæfir.

18. Hann er Gud ſem lifgar lydi,
líka kann med ſpeki ſanna,
allsvaldandi utann enda,
úr fángelſi daudans frelſa.

19. Túngur ſkulu allar englá,
einnig ſamar raddir manna,
inna Drottni einum prennum,
æru og packargiørd frábæra.

20. Vyrding, magtin, vegſemd, dyrdin,
valdid, kraptur, prís margfaldur,
ſpeki, æra, og ſtyrkleiki,
ædſta lof, og heidur ſtædſti.

21. Veitt ſie Gudi um vídar ættir,
vitrum, ſeni á ſtólnum ſitur,
og Lambinu æfinlega,
um aldir, meir enn púſundfaldar!

Notulæ.

Fyrsti Flockur.

1. Haukur sinnu, hugurinn. án maka, einsamann; því so er margt sinnid, sem madurinn er: quot capita, tot sensus. Berg sjónar, vitsmuna hæd, edur frekasta ígrundan.

2. Vidar sjónar hædir, innra mannsins umþeinking vinislegra hluta og umbreitinga. Heima ættir o: veraldar hálfur edur áttir. Athyglis hvarma blys, skilnings auga. Mána-grund er loptid edur vor sjóndeildar-hringur.

3. Morgun-viti, morgun-stiarnann, Lucifer: á þetta tropice ad skiliast, og únyndast uppá inngáng lífsins. Glæstur haddur, glansandi hár, edur geislar útstrialandi.

4. Glæstur hali, líkt sem á hala-stiornu, eru úngdóms ár mannsins. Stiornu salur, loptid. Sagra hvel er sólin, og má taka eitt himins túngla fyrir annad, má og nefna allann hinn flyjanda himin fagra hvel.

5. Morgun-rodi, undir sólar upprás, þá komid er undir hid fegursta mannsins lífdaga, æsku árinn. Rauma-hold, jordin. Mána fold, loptid.

6. Mundil-

6. Mundilfara mey, sólin: nú er komid i hærsta geingi æfi mannsins, uppá segurd og fior líkamans, og innvortis gáfna.

7. Gnæfur, yfirburda-vænn. Freyu-tár, gull. Corona, hofudpryde, mannsins lucku-blóm.

8. Her er tiád um loffsir manns, á hanns atgiorfis árum.

9. Her greinir frá midaldur-skeidinu, og hádegi lífs-tída manns.

10. Her er rædt um mannkosta fiolda. Lindi jardar, er siórinn: so er fiómur madur reisadur dygdanna linda med edalsteinum ymislegra ypparlegleika.

11. Her er og rædt um mannkostu.

12. Elfu-skar, er gull; fyrir grænu aldin-epli kunna ad skiliast lífs-ávextir, edur borninn. Falda breimingar, eru ytstu flúradar randir fatanna.

13. Nú leikur allt i lyndi fyrir manni, og kveda nú vid innra manns kraptarnir af gledi, sem fagurt syngiandi fuglar.

14. 15. 16. Utmálast med yndislátum fuglanna, dyranna, og allrar náttúrunnar, mannsins æfi-blómleiki.

17. 18. Peckir og packar madur skaparanum veitt eptirlæti og yndis-kior, og páfinn hvílir sína ígrundan.

Annar Flockur.

1. Hyggiu haukur, hugurinn, edur þánkarnir vakna nú aptur, og ætla ad grípa til sonu yndis íhugunar, og ágiætis skodunar.

2. Nú er allt odruvísi, lucku-hiólid hefur umveltst, og er annad uppá, og er nú allt minna um kiorinn gledinnar.

3. Nú er sólsett; o: gledi og lucku-sólin er nú undirgengin i einhverra mannranna haf. Ægir er siór edur haf.

4. Nú er dagsett, og húmar meir ad svortum sorga elium. Dóttir Nipfa er nóttin, og líkiast mót, lætingar henni tídum. Imis hvarmar eru jardar-brúnir. Túnglid siest ei heldur, so nú er fátt til yndis.

5. Nú er enginn lystisemis liómi framar. Brími er birta edur glans

6. Sama umkvortun. Siónar-hvel, horizon, edur sióndeildar-hringur, (þader so mikid pláts af himnenum, sem madur getur med siónunni adgreint frá jordunni.) Liónar eru menn, einkum skáld. Nordra faldur er loptid, einkum nálægt nordstiornunni. Nordri er dvergur, einn med fleirum, sem diktad er uppi haldi loptinu.

7. Dauda bródir svefninn; nú er allt dottid i dá.

8. Nú ber ei á neinni prydi. Emma er trollkonu heiti, má her takast fyrir tstra-larfa.

9. 10. Her hrærnar ódum ad gledi og prydi, er stundum eydast smámsamann, stundum sliótt burtu kippast.

11. Nú er ákomid óvedur eymda.

12. Verda nú enn frekari undur ymislegra báginda, og mótkasts.

13. Elda vinur, vindur; sama efni.

14. Nú gengur fleirst til þurdar, fridleiki, kraptur, fior og árædi.

15. Her greinir af elli-annmærkum, sem eru kuldi, dofinleiki, hruckur og hærur.

16. Sídarst kemur daudinn, er allt burtu nemur.

17. 18. Heimfærist til luckunnar óstodugleika.

Þridie Flockur.

1. Synir ad öll náttúran er umbreitingu undirorpin.

2. Líkist liósi og myrkri, blóma og fölnan, gledi og sorg, hlióm og þogu.

3. 4. Um óstodugleikann, og Guds rádstofnun í náttúrunni.

5. Heimfærist til hinns í Gudi sálada J. C. S.

6. Sannur lofs-tír hinns lidna. Valinkendur þecktu ad dyrum mannkostum. Módur substantivum, er heróiskt og rett höfdínglegt fas og dagfar.

7. Skörúnglegur, gódgreindarlegur. Skörungur nefndist fordum karl og kona, er vel skar fram úr fyrir sig. Eptirfylgia í flockenum audskildar mann kosta lofvísur þess lidna manns. Hinir tveir eptirfylgiandi flockarner þurfa engar skíringa-greinir.

Þunur

Önnur

Liliu-Grein

undir tvísettu tvídyrgildu Liliu-lagi.

(er nefnist Klangs háttur.)

Samtal Hugs og Muna. *)

I. Hugi.

Hreif þer Muni! hriúfur rauna[2]
herd þú skrid, og verd ad lidi;
skylldu for í skálda sporum
skalltu reika, vallt ei skeika[3].

Ræktum

*) Hugi og Muni voru haukar Odins, er vitrir menn hafa tekid fyrir tvo ágiæta eigenlegleika mannsins, Hugsprydi og Mynni; og þad hid sama eigo þeir her ímynda og merkia.

1) Hreif þier d: lypt þeir upp, sem fugl til flugs. 2) rauna-hriúfur d: ángurbitinn. 3) Vallt ei skeika, d: far þú ei hverft, ne turberis.

Nærtum [4] hreſtur!, gacktu geyſtur,
á greppa ſúd [5] og kepp ad Búdum;
endurſtill [6] þig und Snæfelli,
yfirvega klifan [7] trega.

II. Muni.

Hvad vill tregans Búdir [1] buga?
bar til nockud þar í flocki?
Því er dimt [2] og þegi ſkemtid [3]?
Því er hliótt? og hví er ótti?
Hvada vættur voda [4] knáttu [5]
vekia harma? rekia [6] hvarma?
hver óþyrmir [7] hnár áſtormar?
hvada undur ſkada ádundu?

III.

4) rærtum hreſtur, d: láttu ættræknina upporſa þig, og reka eptir þeir. 5) Greppa ſúd. Greppar erú ſkáld; þeirra ſud er ſkip, á hverju þeir ſo ſem flytia ſkáldſkapinn. 6) endurſtill; ſtattu þar aptur vid. 7) klifan trega, ſifelld ſorgarlæti.

1) Hvad vill tregans ꝛc. hvad amar ad á Búdum, d: locus pro incolis. 2) Dimt: ſorgum verdur likt vid dimmu. 3) þegi ſkemtid, d: þagad yfir ſkemtan. 4) Voda-vættir, d: daudinn med ſínum fylgiurum. 5) knáttu, d: nádu ad gisra. 6) rekia d: verb. gisra vota edur raka. Oþyrmir, ſiálfkenníng daudans, er eingum þyrmir.

III. Hugi.

Man þú ecki [1] Muni klockur [2]
millding [3] prúda, er fylgdi Búdum?
man þú eigi meina [4] lægir,
manna-blóm ad sannleiks rómi?
Mynnir þig ei menníng [5] fræga?
muna skylldum unun [6] gillda!
man þú Fodur? man þú fódur [7]?
mynníng æru sinnum skiæra!

IV. Muni.

Man eg Fodur, dyn [1] med dáda,
dyrann ølldung [2], skyra hølldinn [3];
man eg fódur, man eg frædi [4],
merki sidu, verkinn snidug.

Man

1) Man þú ecke, pro mansiu ecki. 2) Klóckur: vidkvæmur, veikur. 3) Milldingur; giofullt góðmenni. 4) meina lægir; ei einasta lækuir, heldur sá sem bætir úr annara bágindum og meinum. 5) menníng, til hverrar hann kom ollum bornum sinum. 6) Unun, sem nefndar-menn, innlendir og útlendir, hofdu af ad heimsækia hann og vera hiá. 7) Fódur, upphelldi, gott vidurværi.

1. Dáda dyn, er sá prys, sem sannordir menn af munni og mynni setia uppá dauda menn. 2) Øldúngur, er aldar-prydi. 3) hølldur, er gódur bóndi, og kalladist fordum gilldur bóndi. 4) Frædi, d: lærdómur og frami bókvísinda.

Man eg hreysti [5], man eg kostnad
mínum frama [6] og þínum sama;
man eg rysnu [7] hreina án hræsni,
og hriúfra [8] bót med liúflighótum.

V. Hugi.

Petta hvarf, og þótti skerfur [1]
þietta tregans rettilega;
því er dimt og þege skemtid,
því er hliótt und [2] skyum ótta.
Jacob Fadir, frækinn [3] Búdum
frá er hvorfinn á ad horfa [4];
helld eg skard i skilldi ordid,
skynia menn og stynia nenna.

VI.

5) Hreysti: hugprydi og karlmenska. 6) Frama kostnadur: utan og innanlands menníngar kostnadur, sem J. E. S. giordi uppá børn sín, full 2000 Rdlr. 7) rysna: høfdíngskapur hanns vid edla og óedla. 8) hriúfur, d: siúkandi.

1) Trega skerfur, er það sem mønnum tilfellur, vid spurn framlidiuna ástvina. Joh. XI. v. 33. og 35. 2) Und skyum óttans: d: fyrir daudanum, hver ed so sem siúkandi sky í sterkum stormi yfir menn geysar. 3) Frækinn: d: frægur og frábær madur í sinni rød. 4) á ad horfa: d: ad sjónum, fyrir þá sem af hønum lærdu.

VI. Muni.

Skil eg æ! og skal þvi trúa,
skúrir harma [1] lúri [2] hvarma;
von er allir vinir hollu
væti brár og sæti tárum.
Von er þúngann veini meingi [3],
von er gráti konan látid [4],
von er bornum brúnir giarna
bleyti sútar [5] heitu lútum.

VII. Hugi.

Satt eitt mælir, gott þú gelur [1],
gódlig hrygd [2] her vód um bygdir;
stólpa fallid hialpar [3] hollu
hriáir sinni á ad minnast.

Legg

1) Skúrir harma: það er tíðt-rennandi tár. 2) lúri hvarma: það er, giöri augna-hvarmana veika og vidkvæma. 3) meinge, er fioldi fólks, sem J. E. S. til góda giörði. 4) Konan: so kallar Jesus Christur sína módur. 4) heit lút sútar: vorm og ny tár, sem opt til eru, þó tilefnid sie fyrir laungu skeð.

1) Gelur: syngur edur galar. 2) gódlig hrygd; d: gudrækileg. 3) hialpar stólpi, heitir sá madur, sem adra styrkir.

Legg til Muni huggun hreina,
hreysti [4] svolun reistu [5] tolum;
lát ei vara sútir sáru,
syng oss yndi, er þvingum hrindi.

VIII. Muni.

Mæli eg um ad hlur [1] skemmist [2],
á eg legg [3] ad brái af hreggi;
lifni gledi, kafni kvidi,
Christur þýdi tvist hel-stridid [4].
Mæringa [5] dauda meirist [6] hródur,
meniar [7] gædinga [8] spenium ædis;
leitum frægda, lítum dygdir,
af leidi hans til heidurs glansa.

IX.

4) hreysti svølun, huggunar og hughreistingar ord. 5) reistu, o: gefdu þessari rauna rædu og sorgartali. 6) Syng oss yndi, lát kvædid hafa af fyrir oss óyndid.

1) hlur, eru sorgarlæti og vein. 2) skemmist, þad er sama og styttist. 3) mæli eg um, og legg eg á: formáli gamall. 4) hel-strid, harmur eptir daudann mann. 5) mæringur, o; stórmenni. 6) meiristi, o: vaxi. 7) meniar, þad hann af stad kom. 8) spenium, o: spsnum, mælum. 9) gædingur, o: sá odrum gott giorir.

IX. Hugi.

Satt eitt mælir, gott eitt gelur,
gledium trygdir [1], kvedium hrygdir;
lærum fodur dyru dádir,
dáins [2] hrósid náum kiósa.
Tínum aldin [3], trúnad, deildir, [4]
tæra [5] lundu, mæra [6] ígrundan,
hrædslu Guds, og greidslu audsins,
gylli-frid [7], og snilli-sidu.

X. Muni.

Hugi! vittu eigi áttu,
ædrast [1]; dómur [2] gæda rómast;
fari lísid, fer ei losid;
fyrar [3] deya, tyr ords [4] eigi.

Húni

1) gledium trygdir, látum ættrækninga reka harmana. 2) dáins, þess dauda. 3) aldin, d: blómstur dygda. 4) deildir, rokfamlegir úrskurdir. 5) tær lund, hreinlyndid. 6) mær ígrundan, diúpsær umþeinking. 7) gylli-fridur, gullvægur fridur.

1) Ædrast, verda hræddur. 2) dómur, ordz-tyr. 3) fyrar, fyrdar edur menn. 4) tyr ords, lofræður um menn.

Fúni holdid fróni [5] skilda,
fær þad aptur stærri [6] krapta;
Fodurs ond á fridar landi,
fagur reifud [7] hag sinn leisir. [8]

XI. Zugi.

Gulli betra [1] hólla heitir,
hreina rigtid einatt vigtad [2];
Besti arfur [3] skársti skerfur,
skiær líkhringing, æru díngia. [4]
Siónar speigill synum [5] þægur,
sonum mætur [6], vonin dætra;
ollum regla holl og hæglig:
á hinsta [7] degi finst, hvad segi.

5) Fróni skilda, fróu er Jord, sem er módir ad holdi voru. 6) stærri krapta, d: í uppriſunni. 7) fagur-reifud, liómandi. 8) leyſir hag, d: lofar sinn fognud med ödrum Guds bornum.

1) Gulli betra ꝛc. Proverb. 22, 6. 2) einatt vigtad, tídum ágiætt. 3) arfur, borninn nióta opt gódra forellbra hiá Gudi og mönnum. 4) díngia, d: safnadur, samlun. 5) synum, fyrir augum. 6) sonum mætur, borninn hafa gledi af dygda myn-ning forellbranna. 7) hinsti dagur, sídasti dagur.

XII. Muni.

Gnæfir [1] heitin [2] hifin-bati [3],
hærsti liómi, stærsti sómi,
sálar yndi, sælu lundur,
siónar Christi gróna [4] lystin.
Auga nádi eigi sкoda,
eyra [5] feck það heyra ecki,
hvad framstigni [6] Fadir eignast,
fridur nádi á blídheims ládi. [7]

XIII. Hugi.

Líf sæll Fadir [1]! haf sæll heidur,
himin-vista limur [2] Christi!
hvíli holld í sal ná-selldum [3]!
sálin hrósi mála [4] liósum.

Vætti

1) Gnæfir, yfirtekur. 2) heitins, þess hins sálada. 3) hifin-bati, himna sæla. 4) gróna o: hiart-gróin. 5) auga hefur ecke sied, ne eyra heyrt, 1 Cor. 2. v. 9. 6) framstigni, audadi. 7) Blídheimur, himna-ríki; so kolludu þeir gomlu Campos Elysios.

1) Líf sæll, vale. 2) limur Christi, Rom. 12. v. 15. 3) ná-seldur salur, kirkiu-gardur. 4) máli, ákvordud laun og hlutskipti.

Vætti lifi veittrar giæfu,
verdkaup [5] trúar fierdu búid;
fenn eg kem, og finn þinn frama;
á fegins háa [6] degi fiáunft.

XIV. Muni.

Far vel Fadir! kiorval [1] knádir [2],
Chriſti landa giſta ſtandid;
fánga-mark [3] þitt fengid ſtyrkinn,
fridann hefur, blídan vefur.
J. E. S. tillítur Jeſu heitis;
þvi jafn-ágiæta nafni fætir:
neyttu fæll! og nióttu heilla!
nú mig lángar búinn [4] þángad!

XV.

5) verdkaup trúar, 1 Petr. 1. v. 9. 6) Fegius-dagur, eylífrar gledi uppriſu-dagur.

1) Kiǫrval, d: þad allra-beſta, ſem madur kys ſer. 2) knádir, nádir, feckſt. 3) Fánga-mark, kalla menn, annadhvert fyrſtu þriá ſtafi i nafni manns, fodur-nafns og ſonar, edur útvallda bókſtafi, hvar af þeir merktu eigendóms-hlutir þeckiaſt. Fánga-mark Jacobs Eirikſonar var J. E. S. ſem er meir enn helmingur þeſs mikla Jeſu-nafns. 4) búinn, d: ferdbúinn til eylífs lífs.

XV. Hugi og Muni.

Virding, æra, dírdin dyra,
Drottni haldist, þrotni alldri!
Nó [1] þeir daudu fái fríða!
felist líkn, þeirs [2] heli blikna [3]!
Seinsti [4] vegur, vænsti hagur,
í verid sælu [5] beri yndæla!
Eylífs hyrdis vilie verdi!
á víd [6] og svædi tídum þrædist! [7]

1. Nó þeir daudu ɔc. eptir formála: Drottinn gesi daudnum ró, enn hinum líkn er lifa. 2) þeirs, ɔ: þeir sem. 3) heli blikna, í andlátenu verdur holldid bleikt. 4) seinsti, seinasti. 5) Sælu-ver, kalla skáldinn himna-ríki. 6) víd og svædi, ɔ: sió og landi, allstadar. 7) þrædist, ɔ: verdi beinleidis fylgt.

L. B. S.

L. B. S.

Ad eg fyſtunz á prent utgánga láta taulur þeſſar og Liliu-greinir, ſem fleirſtar gervar váro ad meſtu, þá eg frá Danmaurku alfarid, feſti fót á Islandi 1768, enn mer ſídan meddeildar ero af virkta vinom, ſumpart af Prófaſtinum Sra Jóni Magnúſſyni, Stadaſtadar-haldara á Ólduhrygg, ſumpart af ódrum ágætum manni; ero til þriár ordſakir. Sú er en fyrſta, er náttúran bydur, rækt vid ſitt forelldri, eptir ordtakino: rennur blód til ſkyllduinnar, og

Natura ingenuit rationem provida nobis;
Naturam ratio nos jubet ergo ſeqvi.

Sú aunnur er, ad náúngar og vinir hafa framarla óſkad, þeſſi Liliu-blómſtur kæmo þeim fyrir ſiónir, til ſtundar-bolbóta og lítillrar ſkemtunar máſke, er af einhverium ſoknudi hryggvir, gledias vid endurmynningu þeirra, er hvervetna i líſinu hofdu kærir verid.

Nunqvam verus amor fuerat, qvi deſiit eſſe;
Nam nullus veri finis amoris erit.

Sú

Sú er en þridia ordsok, ad mer, vid Þryckingu þessara blada, gáfuz enir þægustu hentugleikar, til ad syna vilia minn í því, ad halda á lopt sannlegri æru mynning hins bez-verduga Fodurs, sem allt ad þessu fyrir odrum, eins líklegum vidkomendum, forfalla vegna undandregiz hefur.

Virtute decet non sangvine niti.

Espihvóli í Ejafyrdi.

á Egidius-Messo, 1781.

Jon Jacobsson.